

## SKREF 1

Fyrsta skref er að finna tölvupóst frá noreply@inna.is sem ber heitið „Umsókn móttekin“ og ætti að líta svona út.

Sæl/Sæll

Umsókn þín hefur verið móttekin.

Til að skoða umsóknina eða eyða henni [smelltu hér](#).

Allar helstu upplýsingar um námskeiðið finnur þú á [vefsíðu Myndlistaskólans](#). Athugið að greiðsla fer ekki fram fyrr en stuttu áður en námskeið hefst.

\*Vinsamlegast athugaðu að ef eftirfarandi texti birtist í rauðu letri í byrjun umsóknar „Þú ert að sækja um pláss á biðlista til að komast í þennan hóp. Þú ert ekki með öruggt pláss í þessum hóp“ þá þýðir það að valið námskeið er fullbókað en barninu hefur verið úthlutað pláss á biðlista.

Kveðja,

Myndlistaskólinn í Reykjavík

## SKREF 2

Ýtið á hlekkinn „smelltu hér“ í tölvupóstinum. Þá ertu sendur á undirsíðu INNU sem býður þér að fá nýjan hlekk á umsóknina í tölvupóstinn þinn.

1 DEILD/NÁM 2 UMSÆKJANDI 3 UPPLÝSINGAR 4 FYLGISKJÖL 5 STAÐFESTA

Hér getur þú breytt eða eytt umsókninni þinni - því miður þarftu nýjan hlekk. Smelltu á hnappinn fyrir neðan til að fá hann sendann í netfangið tengt þessari umsókn.

[Fá sendan nýjan hlekk í umsókn](#)

## SKREF 3

Opnaðu að lokum þann póst og farðu inn í umsóknina. Þar ferð þú neðst niður þar sem bláir flípar hafa nú bæst við, á þeim stendur „Nota frístundastyrk Reykjavíkur“ eða „Nota frístundastyrk Kópavogs“.

**Upphæð**

Áfangi	Heiti áfanga	Upphæð	Veldu greiðslumáta:*
B1012LM	Námskeiðsgjald B1012LM: 10-12 ára Leirrennsla og mótun	52.000	<input type="radio"/> Greiða með greiðslukorti (kredit eða debet)
	Nám samtals	52.000	<input checked="" type="radio"/> Krafa send á annan greiðanda í heimabanka

Kennitala greiðanda:

Netfang greiðanda:

[Nota frístundastyrk Reykjavíkur](#)

[Nota frístundastyrk Kópavogs](#)

#### SKREF 4

Þegar ýtt er á bláu flipana birtist gluggi þar sem hægt er að skrá sig inn með auðkenni í gegnum island.is.

Ráðstöfun frístundastyrks

Forráðamaður barns með lögheimili í sveitarfélaginu sem sótt er um í þarf að auðkenna sig með öruggum hætti.

[Auðkenning með island.is](#)

#### SKREF 5

Eftirstöðvar (ef einhverjar eru) verða rukkaðar með þeim greiðslumáta sem valinn var í umsókn, annað hvort með greiðsluseðli eða með debet/kreditkort.

ATH. Ef inneign í formi frístundastyrks samsvarar ekki þeirri upphæð sem þið teljið eiga að vera, vinsamlegast hafið samband við Reykjavíkurborg og athugið stöðuna áður en haft er samband við skrifstofu Myndlistaskólans.